



## Fundargerð

**Fundarstaður:** Árnes

**Tími:** 10:00

**Fundinn sátu:**

Landsvirkjun: Albert Guðmundsson og Óli Grétar B. Sveinsson

Sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason og Kristófer Tómasson

Sveitarstjórn Rangárþing Ytra: Ágúst Sigurðsson

**Eftirfarandi mál voru rædd:**

**Efni:** Áform um byggingu göngu- og reiðbrúar yfir Þjórsá ofan við Þjófafoss.

Björgvin Skafti setti fundinn.

Landsvirkjun kynnti tillögur að aðgengi að Búrfellsskógi. Um er að ræða göngu- og reiðbrú yfir gamla farveg Þjórsár rétt ofan við Þjófafoss. Reiðleið verður niður Klifið og fyrir enda frárennslisskurðar stækkaðrar Búrfellsvirkjunar sbr. glærur.

Fram kom að vel hafi verið tekið í fyrirhuguð áform þegar þau voru kynnt sl. vor fyrir sveitarstjórn Rangárþings ytra og áhugi fyrir verkefninu.

Rætt var um næstu skref og mun Landsvirkjun undirbúa staðsetningu brúar og senda inn texta fyrir aðalskipulag sem er í breytingarferli hjá báðum sveitarfélögum.

Fleira var ekki rætt.

**Fundi slitið kl. 10:45**

**Fundarritari:**